

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 246/2021

2024/EES/17/18

frá 24. september 2021

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn
fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644 frá 18. apríl 2018 um bögglaútburðarþjónustu yfir landamæri ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1263 frá 20. september 2018 um eyðublöð fyrir veitendur bögglaútburðarþjónustu til að leggja fram upplýsingar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644 ⁽²⁾.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 5da (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/C 217/07) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5db. **32018 R 0644**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644 frá 18. apríl 2018 um bögglaútburðarþjónustu yfir landamæri (Stjttíð. ESB L 112, 2.5.2018, bls. 19).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Skilja ber vísanir til laga Sambandsins sem vísanir til EES-samningsins.

5dc. **32018 R 1263**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1263 frá 20. september 2018 um eyðublöð fyrir veitendur bögglaútburðarþjónustu til að leggja fram upplýsingar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/644 (Stjttíð. ESB L 238, 21.9.2018, bls. 65).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2018/644 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1263, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 25. september 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2020 frá 25. september 2020 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 112, 2.5.2018, bls. 19.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 238, 21.9.2018, bls. 65.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 173, 6.7.2023, bls. 37 og EES-viðbætur nr. 52, 6.7.2023, bls. 36.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.